



Útibú Almennu verkfræðistofunnar á Akranesi

Flutningur Akranes skrifstofu

Útibú Almennu verkfræðistofunnar á Akranesi var nýlega flutt um set á aðra hæð við Kirkjubraut 28. Um er að ræða bjarta og rúmgóða skrifstofu sem hentar vel undir starfsemi AV.

Frá því að Almenna hóf starfsemi sína á Akranesi 1997, með kaupum á VT teiknistofunni, hefur útibúið verið við Akratorg í húsi Landsbanka Íslands. Eftir að Landsbankinn seldi húsið var framtíðaröryggi í húsnæðismálum ekki eins tryggt. Það var því nauðsynlegt að finna starfsemi Almennu öruggt húsnæði til frambúðar. Vel hefur tekist til og segja má að Almenna hafi skipt um banka því nýja skrifstofan er í húsi Kaupþings, við aðalgötu bæjarins.

Skrifstofan var flutt í lok júní og tókust flutningar vel. Starfsmenn hafa komið sér fyrir og una sér vel á nýjum stað. Nú eru 6 starfsmenn starfandi á Akranesi þar af einn sumarstarfsmaður.

Verkefni Almennu á Akranesi hafa verið margvísleg en mikill uppgangur er nú á Akranesi og nágrenni, og kemur Almenna verkfræðistofan víða að þeim framkvæmdum, bæði með hönnun og verkefirliti. Almenna sinnir einnig öðrum svæðum á Vesturlandi s.s. Borgarfirði og Reykhólasveit. Allt bendir til áframhaldandi framkvæmdagleði á Vesturlandi.

Í nýrri aðstöðu er Almenna enn betur í stakk búin til að takast á við verkefni framtíðarinnar.

Viðskiptavinir Almennu verkfræðistofunnar eru hvattir til að líta við á Akranesi, fá sér kaffisopa og skoða húsakynninn.



Víkingsvöllur

Almenna verkfræðistofan, ARKÍS og RTS hefur verið falin hönnun á nýjum gervigrasvelli fyrir Knattspyrnufélagið Víking. Verkefnastjórn fyrir hönd Reykjavíkurborgar er hjá VST. Þetta er sami hönnunarhópur og stóð að hönnun gervigrasvallar fyrir ÍR.

Verkefni Almennu eru jarðtæknileg hönnun, þ.e.a.s. jarðvegsrannsóknir, fergingar og grundun, hönnun lagna, hönnun burðarvirkis og gerð útboðsgagna.

Væntanlegur gervigrasvöllur Víkings verður knattspyrnuvöllur í fullri stærð með tilheyrandi girðingum og lýsingu. Undir vellingnum verður snjóbræðsla þannig að unnt verður að nýta vellinginn yfir vetrartímann. Stefnt er að því að völluminn verði tilbúinn til notkunar síðla árs 2008, á 100 ára afmæli Víkings. Samhliða gerð nýs gervigrasvallar verður malarvelli Víkings breytt í grasvöll sem mun nýtast sem æfingavöllur í stað þess svæðis sem fer undir gervigrasvöll. Búið er að bjóða út þökulögn á malarvelli og 1. áfanga gervigrasvallar, þ.e. jarðvinnu vegna ferginga og færslu á veitulögnum.



Helgafellsbyggingu í Mosfellsbær

Í janúar sl. fól Mosfellsbær Almennu verkfræðistofunni að hafa eftirlit með uppbyggingu íbúðabyggingar í landi Helgafells. Umrætt land er í einkaeign en árið 2005 var undirrituð viljayfirlýsing milli landeigenda og bæjaryfirvalda um uppbyggingu landsins. Landeigendur stofnuðu félagið Helgafellsbyggingar sem hefur látið skipuleggja svæðið, séð um framkvæmdir og sölu lóða en Mosfellsbær fær til eignar landið í áföngum þegar framkvæmdaleyfi er útgefið. Gert er ráð fyrir 1020 íbúðum á svæðinu þar af 560 í sérbylí.

Áformað er að byggja upp svæðið í 6 til 7 áföngum til ársins 2009 en framkvæmdir hófust í byrjun þessa árs. Nú er verið að vinna að gatnagerð og veitulögnum í fjórum fyrstu áföngunum en lokið er malbikun gatna í svokölluðu Auga sem eru tvær aðalgötur um miðbik svæðisins sem bera heitin Gerplustræti og Vefaratræti. Öll götuheiti hverfisins eru nefnd eftir kvenpersónum úr bókum Halldórs Laxness.

Nú í ágúst verður byrjað á fyrstu byggingunum, fjölbýlishúsum í Auganu en þar verður byggðin þéttust. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir þremur aðkomuleiðum að hverfinu þar af ein af Þingvallavegi.

Megin aðkomuleiðin er þó frá Vesturlandsvegi við hringtorgið við Varmá um Álfosveg. Jafnframt er gert ráð fyrir nýrri tengibraut við Helgafellsveg sem tengist inn á hringtorg í Auganu.

Verktakinn Magni ehf. hefur annast allar framkvæmdir á svæðinu en verkkaupi eru Helgafellsbyggingar. Það er síðan hlutverk eftirlits Almennu að fylgja eftir samningi milli landeigenda og Mosfellsbæjar og að gæði verksins verði í samræmi við gerðar kröfur þegar því er lokið.

Fleiri sumarstarfsmenn

Fleiri sumarstarfsmenn hafa bæst í hópinn hjá okkur. Á Virkjana- og samgöngusvið komu til starfa **Berglind**

Rósa Halldórsdóttir, M.Sc. nemi í byggingarverkfræði við Eidgenössische Technische Hochschule Zürich (ETH) í Sviss og **Dröfn Helgadóttir**, B.Sc. nemi í byggingarverkfræði við HÍ. Á Byggingasvið kom til starfa **Eyþór Friðriksson**, B.Sc. nemi í byggingarverkfræði við HÍ. Á Véla- og rafmagnssvið kom til starfa **Kristinn J. Kristinsson**, B.Sc. nemi í vélaverkfræði við HÍ. Á Verkefnastjórnunarsvið kom til starfa **Grettir Haraldsson**, B.Sc. nemi í byggingatækni- og skipulagssvið kom til starfa **Jóhann Örn Friðsteinsson**, M.Sc. nemi í mannvirkjaröfræði við háskólann í Þrándheimi. Á Umferðar- og skipulagssvið kom til starfa **Ingvar Baldursson**, B.Sc. í byggingartækni- fræði frá Horsens í Danmörku.



Eyþór, Kristinn, Ólafur og Steinar á golfvöllinum

Golfáhugi starfsmanna AV

Það hefur verið fastur liður hjá nokkrum af starfsmönnum Almennu Verkfræðistofunnar að kíkja á Bása á fimmtudagskvöldum, þar sem æfingar á golfsveiflu, chip og þútt hafa farið fram.

Miðvikudaginn 4. júlí var svo fyrsta innanfélagsgolfmót sumarsins haldið, en að þessu sinni var Golfvöllur Bakkakots heimsóttur, en hann er staðsettur í Mosfellsdal. Þó nokkrir starfsmenn mættu til leiks og lék veðurbliðan við þá. Næsta golfmót verður væntanlega eftir Verzlunarmannahelgi.

NÝIR STARFSMENN



Ásdís Ólafsdóttir

er B.Sc. í byggingarverkfræði frá Háskóla Íslands. Hún mun starfa á Umferðar- og skipulagssviði.



Eyjólfur B. Guðbjörnsson

er með B.Sc. gráðu í byggingarfræði frá Horsens í Danmörku. Hann mun starfa á Verkefnastjórnunarsviði.



Hörður Garðarsson

er vélsmiður (hönnun og teiknun). Hann kom til starfa á Akranesskrifstofu með tenginu við Véla- og rafmagnssvið.



Guðni Steinarsson

er B.Sc. í vélaverkfræði við Háskóla Íslands. Hann mun starfa á Véla- og rafmagnssviði.




Jóhann Örn Guðmundsson

er B.Sc. í byggingarverkfræði við Háskóla Íslands. Hann mun starfa á Byggingasviði.



Guðjón Örn Björnsson

er með M.Sc. gráðu í jarðtækni- verkfræði frá University of Alberta Kanada, hann kom til starfa á Virkjana- og samgöngusviði.



Ragnar Örn Gunnarsson

er B.Sc. í vélaverkfræði við Háskóla Íslands. Hann mun starfa á Véla- og rafmagnssviði.



Hjörtur Sigurðsson

er B.Sc. í byggingarverkfræði við Háskóla Íslands. Hann mun starfa á Virkjana- og samgöngusviði.



Þorgeir Helgason

er með M.E.Sc. gráðu í mannvirkjaröfræði frá Háskóla Íslands. Hann mun starfa á Umhverfissviði.